

67. kirkjuþing 2025-2026

20. mál - þskj. 20a

T I L L A G A

til þingsályktunar um átak í sunnudagaskólafræðslu.

Flm. Guðni Már Harðarson.

Kirkjuþing samþykkir að fela biskupi Íslands að efla sunnudagaskólafræðslu í söfnum landsins og tryggja að sunnudagaskólaefni sem fræðslusvið Biskupsstofu gefur út ár hvert standi öllum söfnum þjóðkirkjunnar til boða gjaldfrjálst.

Greinargerð.

Æskulýðurinn og sunnudagaskólinn er fjöregg þjóðkirkjunnar og víðast hvar er mjög góð þátttaka í barnastarfi kirkjunnar. Það var jákvætt skref á kirkjuþingi þegar samþykkt var eftir stefnumótunarvinnu árið 2021 að setja barna- og unglingastarf í forgang í kirkjunni.

Flutningsmaður leggur til að kirkjuþing fylgi þeirri samþykkt enn frekar eftir svo efla megi sunnudagaskólann um allt land.

Fræðsludeild vinnur gott og vandað fræðslu- og kennsluefni sem fræðarar kirkjunnar hafa aðgang að í gegnum efnisveitu kirkjunnar. Nú þegar sóknargjöld hafa lækkað mikið að raunvirði allt frá árinu 2008 er staðreyndin er sú að margir söfnuðir hafa, vegna lækkandi sóknargjalda, ekki getað keypt fræðsluefni til dreifingar til sunnudagaskólabarna. Það er mat flutningsfólks tillögunnar að Þjóðkirkjan eigi stolt að sjá til þess að

Kirkjuhúsið/Skálholtsútgáfan geti dreift sunnudagaskólaefni og úthendum sem efninu fylgja til allra þeirra söfna sem á þurfa að halda.

Flutningsmaður telur rétt að kirkjuþing tryggi að öll börn á Íslandi hafi sömu möguleika á að þiggja stuðefni við heimilstrúrækni sem sunnudagaskólaefnið sannarlega er.

Áætlaður kostnaður við verkefnið er 6,9 milljónir króna á ári sem greiðist Kirkhúsinu/Skálholtsútgáfu.